

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 — 1974

3. maí 1974.

251

Nr. 29.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1. taxta“ í 1. málslíð 1. mgr. 5. gr. laganna komi: lægsta taxta.

2. gr.

Síðasta mgr. 15. gr. hljóði svo:

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig daglega hjá vinnumiðlun, að viðlögðum missi bótaréttar. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda, skal hann láta skrá sig næsta dag, sem honum er unnt, að viðlögðum missi bóta samkvæmt framansögðu. Óheimilt er að greiða bætur fyrir atvinnuleysistímabil, sem ekki hefur verið skráð hjá vinnumiðlun lögum samkvæmt.

3. gr.

16. gr. b-liður orðist svo:

njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar, eða njóta launa á meðan þeir eru atvinnulausir, sbr. 26. gr.

4. gr.

1. málslíður 1. mgr. 18. gr. orðist svo:

Atvinnuleysisbætur miðast við laun fyrir 8 klst. dagvinnu, eins og þau eru á hverjum tíma, samkvæmt næstlægsta taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og skulu vera sem hér segir:

a-liður 1. málslíður 18. gr. orðist svo:

Til kvænts manns eða giftrar konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, 80% af áður greindum launum.

5. gr.

Á eftir 25. gr. komi ný grein, sem verði 26. gr., svo hljóðandi, en greinatala laganna breytist samkvæmt því:

Vinnuveitandi, sem gert hefur samkomulag við launþega í fiskvinnu, sem tryggi honum dagvinnukaup fyrir fyrstu þrjá atvinnuleysisdaga í viku hverri frá 27. febrúar 1974 til febrúarloka 1976, fyrstu fjóra atvinnuleysisdaga á tímabilinu 1. mars 1976 til febrúarloka 1978 og fimm atvinnuleysisdaga frá 1. mars 1978, á rétt á endurgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði á allt að 60% slíkra launagreiðslna, eftir því, sem nánar greinir í reglugerð, sem ráðherra setur.

Í reglugerð þessa skal setja ýtarleg ákvæði um efni þess samkomulags á milli vinnuveitanda og launþega, sem gert er ráð fyrir í grein þessari. Enn fremur skal

setja ákvæði um rétt vinnuveitanda til endurgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sem minnkar úr 60% 1. mars 1979 í 50% og síðan um 10% á ári hverju, uns hún fellur niður með öllu frá og með 1. mars 1984. Svo skal og setja ákvæði í reglugerðina um nánari tilhögun endurgreiðslunnar og annað það, sem varðar framkvæmd laga þessara.

Samkomulag samkvæmt grein þessari skal vera skriflegt og öðlast ekki gildi fyrr en það hefur verið tilkynnt trúnaðarmanni hlutaðeigandi úthlutunarnefndar, sbr. 14. gr., og hann hefur staðfest samninginn með áritun sinni.

6. gr.

Til lánveitinga og styrkja samkvæmt 22.—25. gr. laga þessara er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að 40% af árlegum vaxtatekjum sjóðsins.

7. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Nú hafa vinnuveitandi og launþegi gert með sér samkomulag samkvæmt 26. gr., þegar lög þessi öðlast gildi, og skal þá slíkt samkomulag vera gilt, enda fari tilkynning og áritun, sbr. síðustu mgr. 26. gr., fram innan 14 daga frá gildistöku laganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.